

## Aðalfundur fyrir tímabil 2010-2012

Aðalfundur íbúasamtaka Laugardals fyrir tímabilið 2010-2011 var haldinn þ. 16.2.2012 í fræðslusetri þjónustumiðstöðvar Laugardals, Háaleitis og Bústaða.

Fundurinn var skv. hefðbundum aðalfundarstörfum og var lögð fram breyting á 5.gr. laga um dagsetningu aðalfundar. Ákveðið var að miða uppgjör reikninga við tímabilið jan-des ár hvert og halda síðan aðalfund á tímabilinu janúar til maí. Engin breyting varð að öðru leyti, stjórnin er óbreytt og fjárhagslega hliðin er aðeins betri en birtist á aðalfundi þar á undan.

Í skýrslu stjórnar kom fram að fundir hafi verið haldnir með reglulegu millibili þ.e. 1 sunnudag í hverjum mánuði frá hausti fram á vor. Á hverju sumri standa samtökin fyrir útimarkaði og var hann haldinn í ágúst. Vakti hann ánægju að venju.

Á tímabilinu fjölluðu samtökin um nokkur mál, s.s.hjólábrettagarð, fjölgun íþróttamannvirkja, fyrirhugað bænahús múslima, leikskólamál, starfsemi áfangaheimilis og ályktuðu um stórbruna hjá fyrirtæki einu staðsett við Sundahöfn.

Menn veltu fyrir sér gildi og árangri samtaka sem þessara með hliðsjón af stærð, umfangi og virkni. Reykjavíkurborg hefur bætt þjónustu sína við íbúa með rafrænum hætti og stytt þar með boðleiðir til betri þjónustu. Samtökin hafa þar með þurft að beita sér minna en áður, en samt sem áður er talið að þau hafi gildi þegar kemur að s.k. stóru málum.

Ákveðið var að skoða möguleikann á að kynna samtökin með markvissum hætti.

Þrifnaður í borginni kom til umræðu og þykir ekki sómi af starfi borgarinnar í þeim málaflokki. Ályktað var að fara í kynningu sem fæli í sér hvatningu til fólks að þrifa nágrenni sitt í 30 m. radíus.

Rætt var um rafrænar kosningar á vegum borgarinnar um tillögur sem sendar hafa verið inn til borgarinnar. Ákveðið var að senda út á pósthilstand upplýsingum um það mál.

Rætt var um lélegt aðgengi fyrir gangandi í Skeifunni, strætisvagnaleiðir og hættulegustu gatnamót í bænum. Í kjölfar þeirrar umræðu var velt upp þeim möguleika að endurskipuleggja Skeifuna og nágrenni og gera hana að n.k. miðbæ Laugardals.

Fundi var slitið í sátt og samlyndi.